| 1250 Mastur, bóma, svanaháls | | | Almennt | 1250 Mastur, bóma, svanaháls | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>*- 122/2004*<br>II. kafli, 1. regla (1), VI. kafli. 7. regla eða aðrar viðeigandi reglur. | Skoða skal búnaðinn með tilliti til virkni, skemmda og slits.<br><br>Skemmd: telst m.a. ef mastur, bóma eða tengdur búnaður er brotinn, sprunginn eða á þeim áverki sem rýrir styrk þeirra. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Burðarvír bómu skal vera vír.<br><br>Eingöngu skal nota vír til hífinga.<br><br>Vírar skulu vera heilir og óskemmdir.<br><br>Hámarks leyfilegur þungi skal greinilega skráður á áberandi stað á hverjum lyftibúnaði.<br><br>Mastur, bóma, svanaháls og tengdur búnaður skal vera heill, laus við sprungur og óskemmdur. | S<br><br>S<br><br>S<br><br>S<br><br>S<br><br>S | Tóg í stað vírs.<br><br>Tóg í stað vírs.<br><br>Vír skemmdur.<br><br>Merkingu vantar.<br><br>Ástandi ábótavant.<br><br>Mikið slit, sprungur eða aðrar skemmdir. | | 3<br><br>3<br><br>3<br><br>2<br><br>2<br><br>3 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **2450 Varnir gegn flæði / viðvörun um austur** | | | | **2450 Varnir gegn flæði / viðvörun um austur** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *122/2004* IV. kafli, hluti D, 20. regla og II. kafli, 20. regla (1) (sbr. 131/2007, 2.gr.)<br><br>- *666/2001* II-1 kafli, hluti E, regla 3.1. | Prófa skal viðvörunar-búnaðinn. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19.02.2004<br><br>Gildistaka ........ | Setja skal vökvaborðsviðvörunar-búnað í:<br><br>- kjalsog í vélarrúmum, fremst og aftast<br><br>sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla og gefur viðvörun á heyranlegan og sýnilegan hátt, þar sem stöðug vöktun fer fram. | S/V | Vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| **2510 Slökkvidælur** | | | | **2510 Slökkvidælur** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| * Tréskip eftir 11. nóv. 1947, reglur nr. 260/1947(ekki krafa um slökkvidælu)<br><br>* Öll skip eftir 20. jan. 1953, reglur 11/1953, gr. 160, 164(krafa um 1 slökkvi- dælufyrir skip > 30 brl.)<br><br>* Ný farþegaskip (fleiri en 12 fareþega) allt að 24 m að lengd, rg. 666/2001, kafli II-2, gr. 3.9 (krafa um 1 slökkvidælu)<br><br>* Hafi skipi verið breytt úr fiskiskipi í farþegaskip, þá skal miðað við þær reglur sem voru um slökkvidælur í fiskiskipi, sbr. smíðaár skipsins, þ.e.: | Heimilt er að nota hreinlætis-, kjölfestu- eða dælur til almennra nota sem slökkvidælur, þó ekki dælur sem notaðar eru fyrir olíu eða annan eldiman vöka.<br>**Prófa skal virkni slökkvidæla.** | Gildistaka 260/1947, 11/11/1947.<br><br>Gildistaka 11/1953, 20/01/1953.<br><br>Gildistaka 260/1969, 02/10/1969<br><br>Gildistaka 463/1998, 27/07/1998.<br><br>Gildistaka 666/2001, 27/04/2001.<br><br>Gildistaka 122/2004 19.02.2004 | Fjöldi slökkvidæla skal vera í samræmi við gildandi reglur og samþykkt öryggisplan (sjá yfirlit yfir kröfur í EXCEL skjali). | S/V | Slökkvidælu vantar / óvirk.<br><br>Önnur slökkvidæluna vantar eða hún óvirk. | | 3<br><br>2* |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| - tréskip eftir 11. nóv. 1947, sjá hér fyrir ofan<br>- skip eftir 20. jan. 1953, sjá hér fyrir ofan<br>- fiskiskip eftir 02/10/1969, reglur 260/1969, með síðari breytingum, kafli I, gr. 5.A og kafli II, gr. 17.A (krafa um 2 slökkvidælur) .<br>- fiskiskip > 24 m eftir 19.02.2004, reglugerð 122/2004, kafli V, hluti A, 17. regla og hluti C, 35. regla (krafa um amk. 2 slökkvi dælur) | | | | | | | |

Þetta skjal hér að neðan er í Focal

Austur og slökkvidælur des 2013 - UPPFÆRT.xls

| **3101 Íslenskt mælibréf** | | | | **3101 Íslenskt mælibréf** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 527/1997, gr. 4. | Í skipum lengri en 15 m að mestu lengd, en styttri en 24 m að skráningarlengd, skal vera íslenskt mælibréf. | Gildistaka 18/08/1997 | Upplýsingar á mælibréfi skulu vera í samræmi við skipaskrá, s.s. skipsnafn, umdæmisnúmer, skipaskrárnúmer, eigandi, aðalvél, aðalmál og tonnatölur. | S | Rangar upplýsingar á mælibréfi. | | 2 |
| | | | Skal vera um borð. | S | Vantar en unnið að breytingu á skráningu og útgáfu á nýju mælibréfi. | | 2 |
| Lög 146/2002, gr. 3. | | Gildistaka 30/12/2002 | Skal vera um borð. | S | Vantar, t.d. mælibréfið hefur verið gefið út og sent eiganda, en ekki verið leyst út. | | 3 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3102 Þjóðernis- og skrásetningarskírteini** | | | | **3102 Þjóðernis- og skrásetningarskírteini** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| Lög 115/1985, gr. 7. | Í skipum 15 m og lengri að mestu lengd skal vera íslenskt þjóðernis- og skrásetningar-skírteini. | Gildistaka 31/12/1985 | Upplýsingar á skírteininu skulu vera í samræmi við skipaskrá, s.s. skipsnafn, umdæmisnúmer, skipaskrárnúmer, eigandi, aðalvél, aðalmál og tonnatölur. | S | Rangar upplýsingar á skírteini. | | 2 |
| | | | Skal vera um borð. | S | Vantar en unnið að breytingu á skráningu og útgáfu á nýju skírteini. | | 2 |
| | | | Skal vera um borð. | S | Vantar, t.d. skírteinið hefur verið gefið út og sent eiganda, en ekki verið leyst út. | | 3 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3103 Flokkunarfélagsskírteini** | | | | **3103 Flokkunarfélagsskírteini** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *Lög 47/2003,* gr.11. | Ef skipið er flokkað hjá viðurkenndu flokkunar-félagi skal gilt flokkunar-félagsskírteini vera um borð. | Gildistaka 01/01/2004<br><br>19/02/2004 | Upplýsingar á skírteini skulu vera í samræmi við skipaskrá og gagnabanka flokkunarfélags. | S | Rangar upplýsingar á skírteini. | | 2 |
| | | | Skal vera um borð. | S | Skírteini vantar eða er útrunnið. | | 3 |
| | | | Skírteinið skal áritað af skoðunarmanni flokkunarfélags að lokinni árlegri eða milliskoðun. | S | Árlega / milliskoðun hefur ekki verið framkvæmd fyrir tilsettan tíma og skírteini því ekki áritað. | | 3 |
| | | | Athugasemdir flokkunarfélags. | S | Úrbætur á athugasemdum hafa ekki verið framkvæmdar fyrir tilsettan tíma. | | 3 |

| **3108 Fjarskiptabúnaður** | | | | **3108 Fjarskiptabúnaður** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 53/2000, III. kafli gr. 6 - 10 og I. kafli, 1.c | | Gildistaka 19/02/2004 | Búnaður samkvæmt II. kafla skal vera fyrir það hafsvæði sem skipið siglir á og í samræmi við leyfisbréf, sem skal vera um borð, útgefið af Póst- og fjarskiptastofnun | V/S | Búnað vantar eða er bilaður. | | 3 |
| | | | | V/S | Lagfæra þarf hluta búnaðar (bilunin hefur ekki áhrif á öryggi skipsins). | | 2 |
| | | | Skoða á 12 mánaða fresti. | V/S | Búnaður óskoðaður. | | 2* |
| | | | Viðtæki til hlustunar veðurfregna. | V/S | Vantar eða ekki í lagi. | | 1 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3118 Skírteini sýnileg farþegum** | | | | **3118 Skírteini sýnileg farþegum** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 4* | Leyfisskírteininu eða staðfestu afriti af því skal komið fyrir á áberandi stað um borð í skipinu þannig að það sé sýnilegt farþegum. | | Farþegaleyfi skal komið fyrir á áberandi stað. | S | Farþegaleyfi ekki sýnilegt farþegum. | | 1 |

| **3201 Þjálfunarhandbók** | | | | **3201 Þjálfunarhandbók** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í:<br><br>- 666/2001 með síðari breytingum, III. kafli, 3.5. gr.<br><br>- 122/2004, VIII. kafli, 3. regla, (4) a). | | Gildistaka 01/08/1998 | Um borð skal vera þjálfunar-handbók sniðin að skipinu og búnaði þess.<br><br>Ef engin þjálfunarhandbók er til fyrir skipið, skulu vera upplýsingar með öðrum hætti um öryggi um borð. | S<br><br>S<br><br>S | Vantar.<br><br>Handbók ekki í samræmi við búnað skips.<br><br>Vantar upplýsingar með öðrum hætti. | | 2<br><br>2<br><br>2 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3202 Seguláttaviti** | | | | **3202 Seguláttaviti** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 10<br><br>gr. 10.4 | | Gildistaka 21/03/1994 | Farþegaskip 15 m - 500 brl. skulu búin 2 seguláttavitum | S<br><br>S | Vantar annan eða hann virkar ekki.<br><br>Vantar báða eða þeir virka ekki. | | 2<br><br>3 |
| | | | Áttavita á að leiðrétta á tveggja ára fresti. | S | Óleiðréttur. | | 2 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| 3204 Eldviðvörun | | | | 3204 Eldviðvörun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í: | | Gildistaka 01/08/1998 | Öll skip skulu búin viðurkenndu brunaviðvörunarkerfi. | S | Vantar eða virkar ekki. | | 3 |
| 122/2004 , V. kafli, 1. regla (c), 14, 15, 34. regla og 522/1984, gr.1 | Sjá VLR 25.05.03.03.06 eldvarnir í farþega-skipum 15 m að mestu lengd eða lengri og minni en 24 m að skráningarlengd. | Gildistaka 19/02/2004 | Reykskynjarar og viðvörunarbjöllur skulu vera á göngum, í svefnklefum og íverustöðum. Fjöldi, fyrirkomulag og staðsetning í samræmi við samþykkt öryggisplan í skipum 24 m að skráningarlengd eða lengri. | S | Reykskynjara vantar eða ekki í samræmi við samþykkt öryggisplan. | | 2 |
| V. kafli, 15. regla (1), (6) og 25. regla. | | | Skal skoða á 12 mánaða fresti. Að skoðun lokinni skal skoðunarmaður gefa út skoðunar -vottorð sem staðfestir að skoðun sé lokið. | S<br>S | Óskoðað.<br>Skoðunarvottorð vantar. | | 2*<br>2 |
| V. kafli, 15.regla (8)b), 34. regla og 522/1984, gr. 1. | | | Eldviðvörunarkerfið skal hafa tvo aflgjafa og skal annar þeirra vera neyðaraflgjafi. | S | Neyðaraflgjafi ekki til staðar, eða óvirkur | | 3 |
| 15. regla (7) og 34. regla. | | | Um borð skal vera a.m.k. einn varaskynjari af hverri gerð sem er í kerfinu svo og handboði ef hann er þeirrar gerðar að bilun í honum geri kerfið óvirkt. | S<br>S | Varaskynjarar ekki til staðar.<br>Ekki varaskynjarar af öllum gerðum. | | 2<br>2 |
| 15.regla (9) og 34. regla. | | | Leiðbeiningar um viðhald, prófanir og viðgerðir skulu vera um borð. | S | Leiðbeiningar ekki um borð. | | 2 |
| 15.regla (8)a) og | | | Brunaviðvörunarkerfið skal hafa aðvörunarbúnað sem sýnir ef bilun hefur orðið í því. | S | Bilanaaðvörun ekki virk. | | 2 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 34. regla.<br><br>15. regla (2)b) | | | Við sérhverja stjórnstöð skal hanga uppi skrá eða teikning sem sýnir þau rými sem stöðin tekur við boðum frá. | S | Skrá eða teikning ekki til staðar. | | 2 |
| 15. regla (2)b) og (8) a) og 34. regla.<br><br>522/1984, gr. 1 | | | Handboðar skulu vera í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum og í samræmi við samþykkt öryggisplan í skipum yfir 24 m að skráningarlengd. | S | Handboða vantar eða ekki í samræmi við samþykkt öryggisplan. | | 2 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3205 Slökkvikerfi** | | | | **3205 Slökkvikerfi** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í: | | Gildistaka 01/08/1998 | | | | | |
| 522/1984, gr. 2. | Sjá VLR 25.05.03.03.06 eldvarnir í farþega-skipum 15 m að mestu lengd eða lengri og minni en 24 m að skráningarlengd. | Gildistaka 15/08/1984 | Gasslökvikerfi skal vera í vélarúmi. | S<br>S | Vantar / virkar ekki.<br>Vantar / virkar ekki, ítrekað. | | 2<br>3 |
| 122/2004, IV. kafli, D - hluti, 19. regla (8). V. kafli, C - hluti, 40. regla (6). V. kafli, B - hluti, 22. regla (7). | Öll skip > 15 m að mestu lengd, þar sem vélarúm er tímabundið ómannað. | Gildistaka 19/02/2004 | Slökkvikerfi skal vera í vélarúmi í samræmi við kröfur í V. kafla 22. og 40. reglu, sjá að ofan. | S<br>S | Vantar / virkar ekki.<br>Vantar / virkar ekki, ítrekað. | | 2<br>3 |
| 122/2004, V. kafli, 40. regla (3). | | Gildistaka 19/02/2004 | **Ekki er heimilt að nota CO2 í vélarúmum tréskipa.** | S | CO2 kerfi í tréskipi. | | 2 |
| Viðauki við 522/1984, gr. 2.1.3 | | Gildistaka 15/08/1984 | Öll slökkvikerfi skal skoða á 12 mánaða fresti.<br>Að skoðun lokinni skal skoðunarmaður gefa út skoðunar - | S | Óskoðað.<br>Skoðunarvottorð vantar. | | 2 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Almennt skulu öll gasslökkvihylki vera utan vélarúms. Í gömlum skipum hefur verið heimilað að staðsetja gasslökkvihylki annara slökkvimiðla, s.s. Argonite, í vélarúmi.<br><br>Tryggja skal að slökkvimiðill sé samþykktur til notkunar um borð í skipi af viðkomandi stærð. | | vottorð sem staðfestir að skoðun sé lokið.<br><br>Kolsýrukerfi skulu vera í sér rými aðgengilegu á opnu þilfari eða í vel loftræstu rými undir veðurþilfari.<br><br>Notkun á HALON sem slökkvimiðli er óheimil. Útskiptinu á íslenskum skipum lokið 31.12.2008 | S<br><br>S<br><br>S | Krafa um sér rými eða aðgengi ekki uppfyllt.<br><br>HALON um borð. | | 2<br><br>2<br><br>3 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3206 Lyfjakista** | | | | **3206 Lyfjakista** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.3 *365/1998* gr 4. gr. 15.1<br><br>gr. 15.1 | Undanþágur frá lyfjakistu B eru meðhöndlaðar í samræmi við *VIN 4062* | Gildistaka 08/06/1998 | Er lyfjaskrín um borð?<br><br>Vottað lyfjaskrín.<br><br>Skal skoða árlega af lyfjafræðingi. | S<br><br>S<br><br>S | Ekkert lyfjaskrín um borð.<br><br>Ekki vottuð.<br><br>Gildistími útrunninn. | | 3<br><br>2<br><br>2 |

| **3208 Sorpdagbók** | | | | **3208 Sorpdagbók** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| Rg. 586/2017 með tilvísun í MARPOL viðauka V, kafli I, regla 10 | Skip yfir 400 Bt. og öll skip sem eru viðurkennd fyrir 15 manns / persónur eða fleiri. | Gildistaka 01/03/2018 | Skal vera um borð.<br><br>Í sorpdagbók skal færð sérhver losun á land, í sjó eða hverja fullkomna brennslu.<br><br>Allar færslur skulu staðfestar af yfirmanni með undirritun. | S<br><br>S<br><br>S<br><br>S | Vantar.<br><br>Ekki fært í sorpdagbók.<br><br>Ekki fært í sorpdagbók, ítrekað.<br><br>Vantar undirritun á færslu | | 2<br><br>1<br><br>2<br><br>1 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| 3211 Stöðugleikagögn | | | | 3211 Stöðugleikagögn | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í:<br><br>- 122/2004, III. kafli, 10. regla. | Samþykkt stöðugleika-gögn á íslensku, skulu vera um borð í öllum skipum 15 m og lengri að mestu lengd, til að gera skipstjóra kleift að meta stöðugleika. | Gildistaka 01/08/1998<br>Gildistaka 19/02/2004 | Skulu vera um borð. | S | Stöðugleikagögn ekki til. | | 3 |
| | | | | S | Stöðugleikagögn til, en ekki um borð. | | 2 |
| | | | Stöðugleikagögn skulu vera samþykkt af Siglingastofnun Íslands. | S | Ekki samþykkt. | | 2 |
| | | | Tryggja skal að meginmál skips og fyrirkomulag sé það sama og í stöðugleikagögnum skipsins (skipi hafi ekki verið breytt). | S | Breyting á meginmálum eða fyrirkomulagi. | | 3 |
| | | | Nýtt skip / skip að loknum breytingum. | S | Stöðugleikagögn í vinnslu en hallprófun hefur verið framkvæmd og samþykkt af Siglingastofnun. | | 2 |
| | | | Í nýjum skipum og þar sem stöðugleikagögn eru endurgerð skal hanga uppi yfirlitsblað yfir stöðugleika. | S | Yfirlitsblað vantar. | | 2 |
| 9.regla, (4) | | | Hallaprófa skal skip á 10 ára fresti | S | Stöðugleikagögn eldri en 10 ára. | | 2 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3212 Slökkvitæki** | | | | **3212 Slökkvitæki** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í: | | Gildistaka 01/08/1998 | | | | | |
| - 260/1969, 20.gr. | **Skip 15 - 24 m:**<br>Ákvæði reglugerðar 260/1969, með síðari breytingum, gilda um skip frá 15 brl. (og yfir 15 m að mestu lengd) að 24 m að skráningar-lengd hvað varðar fjölda og staðsetningu. Siglingamálastjóri getur krafist fleiri slökkvitækja og aðra staðsetningu en tiltekin er í reglunum skv. gr. 20. og 24.<br>Slökkvitæki í öllum skipum yfir 15 m að mestu lengd.<br><br>Sjá VLR 25.05.03.03.06 eldvarnir í farþega-skipum 15 m að mestu lengd eða lengri og minni en 24 m að skráningarlengd. | | Skulu vera af samþykktri gerð. | S | Ósamþykkt. | | 2 |
| | | | Fjöldi slökkvitækja skal vera:<br>- amk. 1 slökkvitæki í vélarúmi og annað við inngang í vélarúm<br>- 1 slökkvitæki á hverju þilfari með íbúðum<br>- 1 kolsýru slökkvitæki í brú<br>- 1 slökkvitæki á hverju þilfari í lokuðu framskipi<br>og staðsett í samræmi við samþykkt öryggisplan. | S | Röng staðsetning. | | 2 |
| | | | | S | Vantar slökkvitæki. | | 3 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| - 122/2004 ,<br>V. kafli, B, 20. regla (4), 38. regla (4) og<br>260/1969, II. kafli, 20. gr.<br><br>- 260/1969, 20.gr. 122/2004, V. kafli, B og C hluti, 20. og 38. regla | Kolsýrutæki eru ekki heimiluð í íbúðum og þjónusturýmum (slæm loftræsting). | Gildistaka 19/02/2004 | Skal skoða á 12 mánaða fresti. Að skoðun lokinni skal skoðunarmaður gefa út skoðunar -vottorð sem staðfestir að skoðun sé lokið.<br><br>Stærð slökkvitækja skal vera:<br>- vatnstæki 9 l, froðutæki 9 l, þurrduftstæki 6 kg, kolsýrutæki 5 kg<br>Slökkvitæki á hjólum:<br>- þurrduftstæki 25 kg, froðuslökkvitæki 45 kg | S<br>S<br><br>S | Óskoðað.<br>Skoðunarvottorð vantar.<br><br>Ekki rétt stærð. | | 2*<br>2<br><br>2 |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| **3216 Öryggisplan** | | | | **3216 Öryggisplan** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3* | | Gildistaka 01/08/1998 | Öryggisplan á íslensku, samþykkt af Siglingastofnun, skal vera um borð. | S | Vantar. | | 3 |
| | Skoðunarmaður skal skrá niður ef eitthvað misræmi er milli samþykkts öryggisplans og búnaðar í skipinu. | | Búnaður skips, staðsetning og fjöldi, skal vera í samræmi við samþykkt öryggisplan. Tákn og texti á öryggisplani skal vera læsileg. | S | Þarf að uppfæra. | | 2 |
| | | | Öryggisplaninu skal koma fyrir á áberandi stað. | S | Um borð, en eftir að hengja upp á áberandi stað eða staðsetning ófullnægjandi. | | 2 |

| **3217 Neyðaráætlun** | | | | **3217 Neyðaráætlun** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3* | | Gildistaka 01.08.1998 | Öll farþegaskip skulu búin neyðaráætlun sem samþykkt er af Siglingastofnun Íslands. | S | Neyðaráætlun vantar. | | 3 |
| | | | Á neyðaráætlun skulu koma fram skyldur skipverja á neyðarstundu. | S | Uppfæra þarf neyðaráætlun. | | 2* |
| | | | Neyðaráætlun skal koma fyrir á áberandi stað. | S | Neyðaráætlun ekki uppi, eða staðsetning ekki ásættanleg. | | 2* |

**Tilvísanir**
2.2.1.13 Reglugerð um farþegaskip, 666/2001.

| 3225 Meðhöndlun sorps | | | | 3225 Meðhöndlun sorps | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| Reglugerð 586/2017 með tilvísun í Marpol viðauka V, kafla . 1, regla 10 | Öll skip yfir 100 Bt. og öll skip sem eru viðurkennd / skráð fyrir 15 manns (persónur) eða fleiri eiga að vera með áætlun um meðhöndlun sorps. (Garbage Management Plan)<br><br>Öll skip 12 m að mestu lengd eða lengri eiga að vera með upphengtveggspjald með leiðbeiningar um meðhöndlun sorps. | Gildistaka 01/03/2018 | Skal vera um borð og í samræmi við reglur. | S<br><br>S | Vantar eða ófullnægjandi.<br><br>Vantar eða ófullnægjandi, ítrekun. | | 1<br><br>2 |

| 3302 Merking skips | | | | 3302 Merking skips | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 493/1986 gr. 2.1. og 4.3. | Hvert skráð skip skal merkt nafni skips á bóg beggja megin. | Gildistaka 01.12.1986. | Hæð bókstafa:<br>• Á skipum minni en 30 brl: 12 cm.<br>• Á skipum 30 brl og stærri: 15 cm. | S | Vantar, röng, illlæsileg eða stafastærð of lítil. | | 3 |
| gr. 2.1. og 4.4. | Fiskiskip skulu auk þess merkt með umdæmis- bókstöfum og tölum á bóg beggja megin. | | Hæð bókstafa:<br>• Á skipum minni en 30 brl: 25 cm. | S | Vantar, röng, illlæsileg eða stafastærð of lítil. | | 2 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | • Á skipum 30 brl og stærri: 45 cm. | | | | |
| gr. 2.2. og 4.3. | Hvert skip stærra en 30 brl. skal merkt með nafni og heimahöfn á afturgafli eða við afturstafn beggja megin. | | Hæð bókstafa:<br>• Á skipum minni en 30 brl: 12 cm.<br>• Á skipum 30 brl og stærri: 15 cm. | S | Vantar, röng, illlæsileg eða stafastærð of lítil. | | 3 |
| gr. 2.3. og 4.5. | Öll þilfarsskip og önnur skip og bátar, skulu merkt skipaskrárnúmeri. | | Hæð stafa:<br>• Á skipum minni en 30 brl: 25 cm.<br>Á skipum 30 brl og stærri: 45 cm. | S | Vantar, röng, illlæsileg eða stafastærð of lítil. | | 3 |

| 3401 Sjónauki | | | | 3401 Sjónauki | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994*<br>tafla II og IV | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 12 m að lengd og lengri skulu búin a.m.k. 1 stk. sjónauka. | S | Sjónauka vantar eða ekki í lagi. | | 1 |

| **3402 Skipsklukka** | | | | **3402 Skipsklukka** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.1<br>*189/1994*<br>tafla III og IV | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 15 m. til 200 brl. 1 stk<br>Skip 200 brl. . og stærri 2 stk. | S | Skipsklukku vantar eða virkar ekki. | | 1 |

| **3403 Loftvog** | | | | **3403 Loftvog** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994*<br>tafla III og IV | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 15 m og stærri, 1 stk. | S | Loftvog vantar | | 1 |

| **3404 Morselampi / vasaljós** | | | | **3404 Morselampi / vasaljós** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994*<br>grein 11.4 og tafla IV. | | Gildistaka 21/03/1994 | Á öllum skipum 6 m eða lengri, en undir 30 m að lengd, skal ávalt vera til taks hvítt ljósker, handlukt eða vasaljós, sem gefur frá sér skæra birtu. | S | Vantar eða virkar ekki. | | 1 |

| 3405 Sjókort og tæki til útsetningar | | | | 3405 Sjókort og tæki til útsetningar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 189/1994 grein 10.5 | | Gildistaka 21/03/1994 | Sjókort af farsviði skipsins og áhöld til útsetningar skulu vera um borð.<br><br>Sjókort skulu vera leiðrétt. | S<br><br>S | Vantar.<br><br>Sjókort ekki leiðrétt. | | 3<br><br>2 |

| 3406 Sjómannaalmanak / lög og reglur | | | | 3406 Sjómannaalmanak / lög og reglur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.1 189/1994 grein 10.6 og 12.1 | | Gildistaka 21/03/1994 | Sérhvert skip 12m og stærra skal búið sjómanna-almanaki. Almanakið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi: lista yfir vita og sjómerki, flóðatöflur með sjávarföllum við Ísland, lög og reglug. upplýsingar um, öryggis-mál og slysavarnir. | S | Almanak ekki til staðar. | | 2 |

| 3409 Dagbók (leiðarbók) | | | | 3409 Dagbók (leiðarbók) | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 138/1986 gr. 1 | | Gildistaka 04/03/1986 | Skip 12 brl. og stærri skulu halda leiðarbók.<br><br>Skip 12 rúmlestir og stærri, sem ekki halda leiðarbók, skulu halda skipsdagbók. | S<br>S<br>S<br>S | Leiðarbók vantar.<br>Leiðarbók ekki færð.<br>Dagbók vantar.<br>Dagbók ekki færð. | | 2<br>2<br>2<br>2 |

| **3410 Björgunaræfingar** | | | | **3410 Björgunaræfingar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í:<br><br>122/2004, VIII. kafli, 3. regla (1) a) og (3).<br><br>VIII. kafli, 5. regla. | | Gildistaka 01/08/1998 | Haldin skal björgunar- og brunaæfing vikulega<br><br>Færa skal dagsetningar æfinga ásamt skýrslum í þjálfunarbók / leiðarbók.<br><br>Stjórnvöldum er heimilt að krefjast björgunaræfinga um borð í skipum. Heimilt er í kjölfar slíkra æfinga meðal annars að krefjast breytinga á neyðaráætlun, eða endurtekninga á æfingu, eða að aðrar ráðstafanir séu gerðar. | S<br><br>S<br><br>S | Björgunaræfingar ekki haldnar.<br><br>Bjögunaræfing ekki færð til bókar.<br><br>Framgangur björgunaræfingar óásættanlegur. | | 2*<br><br>2<br><br>2 |

| **3411 Dagmerki** | | | | **3411 Dagmerki** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *7/1975*<br>Kafli C 20 regla d)<br><br>*189/1994*<br>grein 11.1<br>Alþj. sigl. reglur 30. regla | | Gildistaka 26/02/1975<br><br>Gildistaka 21.03.1994 | Skip skal búið nauðsynlegum dagmerkjum:<br><br>Skip við akkeri. **Kúla***.<br><br>Stjórnvana skip.<br>**Tvær kúlur*** hvor upp af annarri.<br><br>Skip sem stendur á grunni<br>**Þrjár kúlur*** hvor upp af annari. | S<br><br>S<br><br>S<br><br>S | Dagmerki vantar.<br><br>Dagmerki illa farin.<br><br>Vantar.<br><br>Vantar. | | 2<br><br>2<br><br>2<br><br>2 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alþj. sigl. reglur 25. regla e) | Fram á skipinu þar sem það sést best skal hafa uppi keilu og vísi oddur keilunnar niður. | | * eða sambærilegt<br><br>Skip sem fer undir seglum en jafnframt knúið vélarafli skal hafa uppi keilu. | S | Keilu vantar eða illa farin. | | 2 |

| **3413 Þjóðfáni** | | | | **3413 Þjóðfáni** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994*gr. 12.4 | | Gildistaka 21/03/1994 | Öll skip skulu búin þjóðfána af hentugri stærð. | S | Vantar, óhreinn eða rifinn. | | 1 |

| **3414 Vegmælir / staðsetningatæki** | | | | **3414 Vegmælir / staðsetningatæki** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.1 *189/1994* grein 10.6 og tafla III og IV | | Gildistaka 21/03/1994 | Skulu hafa vegmæli sem sýnir hraða og vegalengd (má vera innbyggt í önnur tæki). | S | Vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| 3416 Bergmálsdýptarmælir | | | | 3416 Bergmálsdýptarmælir | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.1 *189/1994* tafla III og IV | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 12 m að lengd og stærri skulu búin bergmálsdýptarmæli. | S | Vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| 3417 SART | | | | 3417 SART | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 53/2000 II.kafli 17.gr. og viðauki I, tafla II. | | Gildistaka 20/01/2000 | A.m.k. einn ratsjársvari skal vera staðsettur á hvorri hlið allra farþegaskipa án tillits til stærðar. | S | Vantar eða virkar ekki. | | 1 |
| | | | Skal skoða á 12 mánaða fresti af Póst- og fjarskiptastofnun. | S | Óskoðaður. | | 1 |

| 3418 Frífljótandi neyðarbauja (EPIRB) | | | | 3418 Frífljótandi neyðarbauja (EPIRB) | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *53/2000* gr. 6 og 7 og Viðauki I, tafla II | **Öll farþegaskip.** | Gildistaka 20/01/2000 | Frífljótandi neyðarbauja skal vera um borð í skipum á hafsvæði STK, A1, A2, A3, A4. | S | Frífljótandi neyðarbauju vantar. | | 3 |
| | | | | S | Endurnýja losunarbúnað eða rafhlöðu. | | 2 |
| | | | Skal skoða á 12 mánaða fresti af Póst- og fjarskiptastofnun. | S | Óskoðuð. | | 3 |

| **3419 Skipsflauta og skipasklukka** | | | | **3419 Skipsflauta og skipasklukka** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| Lög nr. 7/1975, með síðari breytingum með tilvísun í *Alþj, siglingareglur*, kafli D, 33. regla og *189/1994*11.6. gr. og tafla II. | Skip sem er 12 m að lengd eða lengra.<br><br>Skip sem er 20 m að lengd eða lengra.<br><br>Skip sem er 100 m að lengd eða lengra.<br><br>Um tæknilegan útbúnað og gerð hljóðmerkja sjá III. viðauka reglna nr. 56/1986. | Gildistaka 17/03/1975 | Skal búið skipsflautu.<br><br>Skal búið skipsklukku (e. bell)..<br><br>Skal auk þess búið málmtrumbu. | S/V<br><br>S/V<br><br>S/V | Vantar eða virkar ekki.<br><br>Vantar eða virkar ekki.<br><br>Vantar eða virkar ekki. | | 2<br><br>2<br><br>1 |

| **3422 Stýrisvísar og skrúfumerkingar** | | | | **3422 Stýrisvísar og skrúfumerkingar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *122/2004* IV. kafli, 13. regla (3).<br><br>IV. kafli, 8. regla (1) e) i) og ii). | Staða stýrisins ef það er aflknúið skal sýnd í stýrishúsinu. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Skulu búin vísum sem sýna stýrishornið, snúningshraða hverrar skrúfu eða snúningshraða hverrar aðalvélar svo og skurð skrúfanna eins og við á, ef skipið er búið skiptiskrúfu eða hliðarskrúfum. Frá þeim stað þaðan sem skipinu er stjórnað skal vera unnt að lesa á alla þessa vísa. | S/V | Vísa vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| **3423 Neyðarlýsing í stýrishúsi** | | | | **3423 Neyðarlýsing í stýrishúsi** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *122/2004*<br>IV. kafli, 17. regla, (1) og (2) c) iv).<br><br>VI.kafli,<br>8. regla (3). | Ný skip og gömul skip, 24 m og lengri að skráningarlengd sem eru smíðuð eftir 1. janúar 1978.<br><br>Öll skip með neyðarlýsingu.<br>**Þegar neyðarlýsing er prófuð skal slá út rafmagni, ganga um skipið og þannig ganga úr skugga um að neyðarlýsing sé í lagi.** | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Í stýrishúsi skal vera fullnægjandi neyðarlýsing.<br><br>Neyðarlýsing skal fá straum frá neyðaraflgjafanum. | S/V<br><br>S/V | Vantar, ófullnægjandi eða virkar ekki.<br><br>Vantar eða virkar ekki. | | 2*<br><br>2* |
| **3424 Siglingaljós** | | | | **3424 Siglingaljós** | | | |
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 7/1975, með tilvísun í C kafla siglingaregla.<br><br>28/1977, gr. 35. | Prófa skal hvort siglingaljós loga, sjá einnig *UB019/1992*og verklagsreglu nr. 25.07.01.03.04, "Siglingaljós og hringljós fiskiskipa styttri en 20 metrar mestu lengdar". | Gildistaka 26/02/1975<br><br>Gildistaka 06/01/1977 | Skulu uppfylla ákvæði reglna og vera heil, óbrotin og linsur ekki rispaðar, mattar eða óhreinar.<br><br>Skip stærri en 30 brl. og á minni skipum ef því verður við komið, skulu hafa gaumljós fyrir hvert siglingaljós.<br><br>Ljósin skulu vera viðurkennd (stýrishjólsmerkt) og staðsetning | S/V<br>S/V<br><br>S/V<br><br>S | Vantar eða virka ekki.<br>Skemmd í siglingaljósum, en starfhæf.<br><br>Vantar eða virka ekki.<br><br>Ekki viðurkennd. | | 3<br>2<br><br>2<br><br>2 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í989/2016. | | | þeirra í samræmi við samþykkta teikningu. | S | Ekki í samræmi við samþykkta teikningu eða staðsetning þeirra að öðru leyti ekki í samræmi við reglur. | | 2 |

| **3425 Fiskveiði- og merkjaljós** | | | | **3425 Fiskveiði- og merkjaljós** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 6.1.4 *Alþj, siglingareglur* gr. 26 | Bátar sem eru skráðir **Fiski, farþegaskip eða fiski, farþegabátur** skulu hafa fiskveiðiljós. | Gildistaka 26/02/1975 | Skulu uppfylla ákvæði reglna og vera heil, óbrotin og linsur ekki rispaðar eða mattar. | S/V<br><br>S/V | Skemmd í ljósum, en starfhæf.<br><br>Vantar eða virka ekki | | 2<br><br>2 |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í 989/2016. | Prófa skal hvort fiskveiðiljós loga, sjá einnig: *UB019/1992*og verklagsreglu nr. 25.07.01.03.04, “Siglingaljós og hringljós fiskiskipa styttri en 20 metrar mestu lengdar”, | Gildistaka 30/11/1994 | Skulu vera viðurkennd (stýrishjólsmerkt) og staðsetning þeirra í samræmi við samþykkta teikningu. | S | Óviðurkennd.<br><br>Ekki í samræmi við samþykkta teikningu eða staðsetning þeirra að öðru leyti ekki í samræmi við reglur. | | 2<br><br>2 |

| **3427 Ljóskastari** | | | | **3427 Ljóskastari** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* tafla III og IV | Heimilt er að ljóskastari sé laus. | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 15 m að lengd og stærri skulu búinn ljóskastara | S | Vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| **3428 Kallkerfi á vinnusvæði** | | | | **3428 Kallkerfi á vinnusvæði** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- 666/2001 með síðari breytingum, kafli III, gr. 3.2 | Farþegaskip í flokki B, C og D:<br>Kallkerfið skal vera með hátölurum og fært um að senda tilkynningar til allra rýma þar sem áhöfn eða farþegar, eða báðir hópar, eru undir venjulegum kringumstæðum og til söfnunarstöðva. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 01/10/2001 | Skip sem taka fleiri en 36 farþega skulu búin kallkerfi. | S/V | Vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| 3429 Neyðarbjalla/kerfi | | | | 3429 Neyðarbjalla/kerfi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- 666/2001 með síðari breytingum, kafli III, gr. 3.1 | Farþegaskip í flokki B, C og D **yfir 24 m að lengd** skulu búin almennu viðvörunarkerfi, sbr. kröfur í líð 7.2.1.1. í LSA kóðanum. | Gildistaka 19/02/2004 | Almenna viðvörunarkerfið skal geta gefið almennu viðvörunina, sem er sjö eða fleiri stutt hljóð og endar með einu löngu hljóði, með flautu skipsins eða sírenu og að auki með bjöllu eða lúðri eða öðru jafngildu kerfi. Almenna viðvörunin skal heyrast um allt skipið. | S/V<br><br>S/V | Vantar eða virkar ekki.<br><br>Heyrist ekki um allt skipið. | | 2<br><br>2 |

| 3434 Stjórn Aðalvélar | | | | 3434 Stjórn Aðalvélar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *635/1983*<br>regla 7.1 til 7.4.<br><br>regle 7.2.6 og 7.4 | Sýna skal með **prófun**fram á hæfni stjórnbúnaðarins, til að snúa við þrýstikrafti skrúfunnar á nægilega stuttum tíma, svo stöðva megi skipið innan hæfilegrar vegalengdar frá því það silgdi með mesta notkunarhraða áfram. Gangskipting vélarinnar frá áfram til afturá skal vera fljótleg og örugg. | Gildistaka 01.09.1984 | Stjórnun vélbúnaðar og neyðar-stjórnun skal vera virk.<br><br>Hægt skal að vera að stjórna aðalvél og gír úr vélarúmi. | S/V<br><br>S/V | Stjórnbúnaður og neyðar-stjórnbúnaður ekki í lagi.<br><br>Stjórnbúnaður og neyðar-stjórnbúnaður ekki í lagi. | | 3<br><br>2 |

| **3501 Handblys** | | | | **3501 Handblys** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 8 | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip 15 m til 200 brl. 8 stk.<br>Skip 200 - 500 brl. 10 stk. | S | Alla flugelda vantar. | | 3 |
| | | | Staðsetning skal vera merkt. | S | Hluta af flugeldum vantar, ekki aðgengilegir eða staðsetning ekki merkt. | | 2* |
| Tafla IV | | | Skulu vera viðurkennd. | S | Ekki viðurkennd. | | 2* |
| | | | Ekki eldri en framleiðandi stimplar á umbúðir sem lokadag (exp. date) en að hámarki 48 mánuðir frá framleiðsludegi (prod. date). | S | Gildistími útrunnin. | | 2* |
| gr. 2.7.4 | | | Geymd í vatnsheldu íláti. | S | Ekki í vatnsheldu íláti. | | 2* |

| 3502 Flugeldar | | | | 3502 Flugeldar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 8<br><br>gr. 2<br><br>gr. 8<br><br><br><br><br><br><br><br><br>gr. 2.7.4 | | Gildistaka 21/03/1994 | Skip með skráningarlengd 12-15 m 4 stk.<br>Skip 15 m til 200 brl. 8 stk.<br>Skip 200 - 500 brl. 10 stk.<br>Staðsetning skal vera merkt.<br><br><br>Skulu vera viðurkennd.<br><br>Ekki eldri en framleiðandi stimplar á umbúðir sem lokadag (exp. date) en að hámarki 48 mánuðir frá framleiðsludegi (prod. date).<br><br>Skal geyma í vatnsheldu íláti. | S<br><br>S<br><br><br><br>S<br><br>S<br><br><br><br><br>S | Alla flugelda vantar.<br><br>Hluta af flugeldum vantar, ekki aðgengilegir eða staðsetning ekki merkt.<br><br>Ekki viðurkennd.<br><br>Gildistími útrunninn.<br><br><br><br><br>Ekki í vatnsheldu íláti. | | 3<br><br>2*<br><br><br><br>2*<br><br>2*<br><br><br><br><br>2* |

| **3503 Línubyssa** | | | | **3503 Línubyssa** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994*<br>gr. 8.2 og tafla IV. | | Gildistaka<br>21/03/1994 | Skip 15 m til 200 brl skal búið 2 línubyssum (skot og línur).<br>Skip 200 - 500 brl. skal búið 4 línubyssum (skot og línur). | S | Línubyssur vantar. | | 3 |
| | | | | S | Skot og/eða línur vantar. | | 3 |
| gr. 2.8 | | | | | Vantar helming af byssum, skotum/línum. | | 2* |
| | | | Leiðbeiningar um notkun skulu fylgja hverri línubyssu. | S | Leiðbeiningar vantar. | | 2 |
| | | | Skulu staðsettar miðað við samþykkt öryggisplan. | S | Röng staðsetning. | | 2* |
| | | | Ekki eldri en framleiðandi stimplar á umbúðir sem lokadag (exp. date) að hámarki 36 mánuðir frá framleiðsludegi ( prod. date). | S | Útrunnin. | | 2* |

| 3504 Bjarghringir | | | | 3504 Bjarghringir | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 2.2.3.1<br>*189/1994*<br>gr. 2.1 | | Gildistaka 21/03/1994 | Skulu vera viðurkenndir. | S | Óviðurkenndir. | | 2 |
| | | | Fjöldi bjarghringja: | S | Vantar fleiri en 1 bjarghring eða þeir skemmdir. | | 3 |
| gr. 4 og tafla II, IV. | | | Skip 15 m - 200 Brl., 4 stk.<br>Skip 200 Brl. - 200 Brl., 6 stk.<br>Skip > 500 Brl., 8 stk. | S | Vantar 1 bjarghring eða hann skemmdur. | | 2* |
| | | | Bjarghringir skulu vera með endurskinsmerkjum. | S | Færri en 4 stk. eða mjórri en 5 cm. | | 2 |
| | | | Björgunarhring skal merkja með skipaskrárnúmeri. | S | Ómerktur. | | 2 |
| gr. 4.2 | | | Ef fjöldi þeirra björgunarhringja, sem tilgreindur er í töflum, er tveir eða fleiri, skal helmingur þeirra búinn sjálf kveikjandi ljósgjöfum. | S | Ljós vantar. | | 2 |

| 3510 Björgunarbúningar á áhöfn | | | | 3510 Björgunarbúningar á áhöfn | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 2 og 3 | | Gildistaka 21/03/1994 | Eiga að vera viðurkenndir. | S | Óviðurkenndur. | | 3 |
| | | | Skulu vera fyrir alla um borð. | S | Vantar búninga eða þeir skemmdir. | | 3 |
| gr. 3.6 | | | Eiga að geymast ofan þilfars, vera aðgengilegir og í samræmi við samþykkt öryggisplan. | S | Geymdir neðan þilfars. | | 2* |
| gr. 3.7 | UB019/1996 | | | S | Óaðgengilegir eða ekki í samræmi við öryggisplan. | | 2* |
| | | | Skulu skoðast á að minnsta kosti 5 ára fresti. | S | Skoðun útrunnin. | | 3 |

| 3511 Björgunarvesti | | | | 3511 Björgunarvesti | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 2 og 3 gr. 2.4 | Björgunarvesti skulu geymd á þurrum stað. | | Björgunarvesti skulu vera fyrir alla um borð í skipinu. Að auki skulu vera sérstökt björgunarvesti ætluð börnum. | S | Ekki björgunarvesti fyrir alla um borð. | | 3 |
| gr. 2.4 og 2.7.3 | Björgunarvesti skulu viðurkennd af Siglingastofnun Íslands (búin klofólum, sjá reglur um viðurkenningu björgunarvesta) eða vera stýrishjólsmerkt. | | Eiga að vera viðurkennd. | S | Óviðurkennd. | | 3 |
| | | | Björgunarvesti skulu vera hrein og heil. | S | Skemmd eða óhrein. | | 3 |
| | | | Skulu staðsett þannig að þau séu ávalt tiltæk og geymslustaður þeirra merktur og í samræmi við samþykkt öryggisplan. | S | Ekki í samræmi við öryggisplan. | | 2* |
| | | | | S | Geymslustaður ekki merktur. | | 2* |

| **3512 Brunaslöngur og stútar** | | | | **3512 Brunaslöngur og stútar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>*- 122/2004*<br>V. kafli, B - hluti, 19. regla og V. kafli A - hluti, 25.regla.<br><br>V. kafli, C - hluti, 37. regla og B - hluti, 42. regla.<br><br>260/1969<br>17. gr. D.2. | | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Staðsetning, fjöldi brunaslanga og stúta skal vera í samræmi við samþykkt öryggisplan. | S | Brunaslöngur eða stúta vantar að hluta. | | 2 |

| **3513 Gúmmíbjörgunarbátar** | | | | **3513 Gúmmíbjörgunarbátar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 189/1994, gr. 2.7, 6, 7.2, 9 | Til að aðstæður við handvirka sjósetningu geti talist ásættanlegar, þá þarf báturinn að vera aðgengilegur og vera nægjanlegt athafnasvæði við bátinn fyrir þá sem sjósetja bátinn. Báturinn þarf að vera staðsettur sem næst þröm eða þilfarsbrún. Til staðar geta þurft að vera handrið, handföng eða annað til að styðjast við og engar hindranir (s.s. stoðir / stög), sem koma í veg fyrir handvirka sjósetningu. ~~Sjósetning getur verið handvirk eða fyrir eigin þunga.~~ | Gildistaka 21/03/1994 | Frágangur gúmmíbjörgunarbáta skal vera þannig að dren göt snúi niður. | S | Snýr ekki rétt. | | 2 |
| | | | Skal skoða á 12. mánaða fresti. | S | Óskoðaður. | | 3 |
| | | | Merkingar skulu vera á hylkjum. | S | Merkingu vantar / ógreinileg. | | 2 |
| 463/1998, gr. 3 | | | Gúmmíbjörgunarbátar skulu staðsettir í samræmi við samþykkt öryggisplan. | S | Ósamræmi við öryggisplan. | | 2 |
| | | | Gúmmíbjörgunarbátur skal þannig staðsettur og fyrirkomulag með þeim hætti (s.s. handrið, handföng) að unnt sé að sjósetja hann fljótt og örugglega með handafli þannig að öryggi þeirra sem sjósetja sé ásættanlegt. | S | Ófullnægjandi / röng staðsetning. | | 2 |
| | | | | S | Ekki nægjanlegt athafnasvæði við handvirka sjósetningu. | | 2 |
| | | | | S | Hindranir sem torvelda losun og / eða sjósetningu. | | 2 |
| | | | | S | Ófullnægjandi fyrirkomulag, s.s. handrið vantar vegna losunar/sjósetningar. | | 2 |
| 189/1994, gr. 2.1 | | | Skulu vera viðurkenndir. | S | Óviðurkenndir. | | 3 |

| **3514 Neyðarlýsing við báta** | | | | **3514 Neyðarlýsing við báta** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *635/1983*<br>Grein 18.5.1. | **Þegar neyðarlýsing er prófuð skal slá út rafmagni, ganga um skipið og þannig ganga úr skugga um að neyðarlýsing sé í lagi.** | Gildistaka 01.09.1984. | Neyðarlýsing á þilfar og út fyrir borðstokk við alla björgunarbáta. | S | Neyðarlýsingu vantar.<br><br>Neyðarlýsing ófullnægjandi. | | 2*<br><br>2* |
| | | | Við stöð þar sem farið er í björgunarför og á skipssíðuna. | S | Lýsir ekki upp utanborðs þar sem björgunarför eru sjósett. | | 2* |
| | | | Neyðarlýsing skal vera í lagi og tilbúin til notkunar. | S | Neyðarlýsing er ekki í lagi. | | 2* |
| | | | Neyðarlýsing skal vera með afli frá neyðarrafaflsgjafanum. | S/V | Vinnur ekki frá neyðaraflsgjafanum. | | 2* |
| | | | Orka nægjanleg í a.m.k. 3 klst. | S | Orka ekki nægjanleg. | | 2* |

| **3515 Fangalína gúmbjörgunarbáts** | | | | **3515 Fangalína gúmbjörgunarbáts** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* ,II. viðauki. | *Mynd 1* | Gildistaka 21/03/1994 | Fangalína skal tryggilega fest við skipið og snúa inn í skipið. | S | Ekki fest eða snýr ekki rétt. | | 3 |

| **3516 Handsylgja á gúmmíbjörgunarbát** | | | | **3516 Handsylgja á gúmmíbjörgunarbát** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* Grein 7.1.2 og 2.1 | Björgunarför skulu ávallt vera tilbúin til notkunar í neyð.<br><br>*Mynd 1* | Gildistaka 21/03/1994 | Handsylgja skal vera þannig, að hægt sé að losa gúmmíbjörgunar-bátinn með einu handtaki á staðnum.<br><br>Sylgja skal vera viðurkennd. | S<br><br>S | Vantar eða ekki hægt að losa með einu handtaki.<br><br>Óviðurkennd. | | 3<br><br>2 |

| **3519 Losunarbúnaður** | | | | **3519 Losunarbúnaður** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 7.1.2 | | Gildistaka 21/03/1994 | Gúmmíbjörgunarbátur í *farþegaskipi* (fleiri en 12 farþegar) skal búinn þannig losunarbúnaði að hægt sé að losa gúmmíbjörgubarbáta frá skipinu með handvirkum hætti (handsylgja), fjarstýrðum hætti og fyrir áhrif sjávar. *Farþegabátar* þurfa ekki að vera búnir fjarlosun (fjarstýrð losun).<br><br>Ef ekki er um einnota búnað að ræða, skal skoða á 12 mánaða fresti.<br><br>Búnaður skal vera viðurkenndur. | S<br><br>S<br><br>S<br><br>S | Vantar handvirkan (handsylgju) eða sjóstýrðan losunarbúnað.<br><br>Vantar fjarstýrðan búnað.<br><br>Óskoðaður.<br><br>Ekki viðurkenndur | | 3<br><br>2<br><br>3<br><br>3 |

| 3522 Björgunarnet | | | | 3522 Björgunarnet | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* tafla IV | *Mynd 2* | Gildistaka 21.03.1994 | Á farþegaskipi 15 m og stærri skal vera búnaður til að ná manni úr sjó. Björgunarnet og umbúðir skulu vera heilar og óskemmdar. | S<br><br>S | Net og/eða búnað vantar.<br><br>Net og/eða umbúðir lítillega skemmdar. | | 3<br><br>2 |

| 3525 Sjósetning gúmmíbjörgunarbáta | | | | 3525 Sjósetning gúmmíbjörgunarbáta | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *189/1994* gr. 7.1.2 | Þessar kröfur má mögulega uppfylla með íslenskum losunarbúnaði sem jafnframt er sjósetningarbúnaður (Olsen, Sigmund, Varðeldur), en það er þó ekki krafa samkvæmt reglunum. | Gildistaka 21/03/1994 | *Farþegaskip (fleiri en 12 farþegar):* Þegar losunarbúnaður gúmmíbjörgunarbáts er virkjaður skal báturinn falla í sjóinn fyrir eigin þunga þó skipið hafi allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar, s.s. skábraut. | S/V | Virkar ekki eða ófullnægjandi. | | 2 |

| **3604 Neyðarstýrisbúnaður** | | | | **3604 Neyðarstýrisbúnaður** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 635/1983, 2. kafli, 5.4. gr. | Prófa skal neyðarstýrisbúnað með því að snúa stýrinu úr 15° i öðru borðinu í 15° í hitt borðið. | | Öll skip skulu búin hjálparstýrisbúnaði sem nota má í neyð. | S<br>S/V | Neyðarstýrisbúnað vantar.<br>Neyðarstýrisbúnaður virkar ekki. | | 2<br>2 |
| | | | Talsamband skal vera milli stýrishúss og þess staðar sem neyðarstýring er. Heimilt er að þetta sé kallkerfi eða sími. | S/V | Talsamband vantar eða virkar ekki. | | 2 |

| **3605 Neyðarlýsing í vél/stýrisvélarými** | | | | **3605 Neyðarlýsing í vél/stýrisvélarými** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 635/ 1983 3. kafli grein 18.5.2 (1) - ( 6) | **Þegar neyðarlýsing er prófuð skal slá út rafmagni, ganga um skipið og þannig ganga úr skugga um að neyðarlýsing sé í lagi.** | Gildistáka 01.10.1984 | Í rýmum sem í er vélbúnaður eða stjórnstöð skal vera neyðarlýsing. | S | Neyðarlýsing ófullnægjandi. | | 2* |
| | | | Neyðarlýsing skal vera í lagi og tilbúin til notkunar. | S | Neyðarlýsing er ekki í lagi. | | 2* |
| | | | Neyðarlýsing skal fá straum frá neyðaraflgjafanum. | S | Neyðarlýsing ekki á neyðaraflgjafa. | | 2* |
| | | | Neyðarlýsing í íbúðum, vinnurýmum, vistarverum, vélarúmi, við stýrisvél ofl. | S<br>S | Neyðarlýsing ófullnægjandi.<br>Neyðarlýsing ekki til staðar. | | 2*<br>2* |

| **3701 Handrið / handföng** | | | | **3701 Handrið / handföng** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 2. og 3. með tilvísun í:*<br>- *122/2004*<br>VI. kafli,<br>3. regla (1).<br>- *666/2001* með síðari breytingum, II-1, B-hluti, 24.gr.<br><br>- *122/2004* VI kafli, 3 regla. (3) | Leyfilegt er nota t.d. segldúk til að hindra að farþegi geti klifrað upp handriðið eða farið undir neðstu rim. **Net sem hægt er að nota til að klifra upp handrið, eru ekki heimil.**<br><br>**Viðurkennd viðmið fyrir handrið.**<br>Bil:<br>- undir neðstu rim handriðs skal ekki vera meira en 230 mm.<br>- annarra rima skal ekki vera meira en 380 mm.<br><br>Fjarlægð milli stoð skal ekki vera meira en 1,5 metrar.<br><br>Handrið skulu:<br>- standa á sléttu þilfari.<br>- vera án hvassra brúna og horna.<br>- vera hæfilega stífuð og sterk. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Borðstokkar eða handrið skulu höfð á öllum opnum svæðum, aðalþilförunum og yfirbyggingarþilförum. Á öllum stigum skulu vera handrið. Þar sem vænta má umgangs manna skulu vera, handrið eða handföng s.s. við stiga og á göngum.<br><br>Hæð handriða skal vera minnst 1 m yfir þilfari (1.1 m í nýjum farþegaskipum) og skal hönnun þess og smíði miðuð við að koma í veg fyrir að farþegar geti klifrað upp á handriðið eða fallið af þilfarinu fyrir slysni. | S<br><br>S<br><br><br><br><br><br><br>S/M | Handrið/handföng vantar.<br><br>Handrið/handföng skemmt.<br><br><br><br><br><br><br>Handrið of lágt eða uppfyllir ekki kröfur að öðru leyti. | | 3<br><br>2<br><br><br><br><br><br><br>2 |

| **3703 Leiðari/stigi við björgunarför** | | | | **3703 Leiðari/stigi við björgunarför** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *666/2001* með síðari breytingum, III. kafli, 5.8 gr. | Þegar fjarlægð frá þilfari þar sem farið er í björgunarför að sjólínu er meiri en 1.5 m. | Gildistaka 01/08/1998 | Það skal vera að minnsta kosti einn stigi á hvoru borði skipsins til að fara um borð í björgunarför og skal hann uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/48.7 | S<br><br>S | Vantar eða skemmdur.<br><br>Uppfyllir ekki kröfur. | | 2<br><br>2 |

| **3705 Lokun loftrása** | | | | **3705 Lokun loftrása** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- 260/1969, 19. gr. | Skip frá 15 m að mestu lengd til 24 m að skráningarlengd. | Gildistaka 01/08/1998 | Skal vera hægt að loka öllum opum loftrása utan við rými sem þau loftræsta.<br><br>Staðsetning lokunar loftrása skal vera merkt á öryggisplani. | S<br><br>S<br><br>S | Vantar eða virkar ekki.<br><br>Þarf að liðka.<br><br>Staðsetning ekki merkt. | | 2*<br><br>2*<br><br>2* |

| **3706 Hurðir/lúgur út á þilfar** | | | | **3706 Hurðir/lúgur út á þilfar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>-*122/2004*<br>II. kafli, 4. regla (1). | **Hér er m.a. verið að fjalla um ljóra (e. skylight).**<br><br>*UB022/1993* | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Unnt skal vera að loka hurðum og lúgum veðurþétt (þéttingar og snerlar).<br><br>Hægt skal vera að opna og loka hurðum frá báðum hliðum.<br><br>Hæð þröskulda við hurðir út á aðalþilfar skulu vera 600 mm og minnst 300 á yfirbyggingaþilfari (sjá 1240 og 3808). | S/V<br><br>V<br><br>S/V<br><br>M | Ekki í lagi.<br><br>Liðka þarf snerla.<br><br>Ekki hægt.<br><br>Ekki samkvæmt reglum. | | 3<br><br>2<br><br>2<br><br>2 |

| **3707 Skálkbúnaður á hurðum/lúgum** | | | | **3707 Skálkbúnaður á hurðum/lúgum** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *122/2004*<br>II kafli 6. regla (5) | | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Hurðir/lúgur skulu búnar þéttingum og spennibúnaði til að tryggja að þær séu veðurþéttar að jafnaði skal ekki vera lengra en 750 mm á milli spennibolta og mest 300 mm frá hverju horni.<br>Sjá einnig 1380 og 1390. | S/M<br><br>S/M | Allan skálbúnað vantar.<br><br>Skálkbúnaður ekki samkvæmt reglum, skemmdur, vantar að hluta eða þarf að liðka. | | 3<br><br>2 |

| **3709 Lestarkarmar** | | | | **3709 Lestarkarmar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>*- 122/2004*<br>II. kafli,<br>5. regla (1) | Skemmd: telst m.a. ef hleri er brotinn, sprunginn, rifinn, snúinn eða á honum sér áverka svo að ekki sé hægt að loka honum veðurþétt. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Hæð á körmum skal vera 600 mm á óvörðum hlutum aðalþilfars og a.mk. 300 mm á yfirbyggingarþilfarinu.<br><br>Karmur skal vera heill og óskemmdur þannig að hægt sé að loka lúgu hans vatnsþétt. | S<br><br>S | Lítilsháttar skemmd á karmi.<br><br>Leki vegna skemmdar í karmi. | | 2<br><br>3 |

| **3715 Austurop** | | | | **3715 Austurop** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>- *122/2004*<br>II. kafli, 14. regla | Skip skulu búin austuropum í samræmi við reglur.<br><br>Skoða skal austurop frá þilförum (í síðum) og þar sem það á við klapploka þeirra.<br>Ganga skal úr skugga um að þau þjóni tilgangi sínum þ.e. að sjór geti runnið óhindrað út um þau. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Sjór skal geta runnið óhindrað út um öll austurop.<br>Búnað eða annað sem kemur í veg fyrir að sjór geti streymt út um austurop skal fjarlægður.<br><br>Austurop hærri en 300 mm skulu búinn rimlum.<br>Bil milli rimla skal ekki vera meira en 230 mm og ekki minna en 150 mm. | S<br><br>S<br><br>S | Austurop lokuð, vantar eða rennsli um þau heft.<br><br>Ekki rimlar í austuropi.<br><br>Of langt á milli rimla. | | 3<br><br>2<br><br>2 |

| **3717 Dráttartaug** | | | | **3717 Dráttartaug** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>*122/2004*<br>II. kafli, 15. regla.<br>Viðauki. IV, (17). | Skip sem eru 17 m að lengd og lengri, skulu búin að minnsta kosti einni dráttartaug í samræmi við töflu. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Skal vera vel staðsett og þannig frá henni gengið að unnt sé að gera hana klára til notkunar á hafi úti. | S/M | | | 2 |

| **3718 Akkeri** | | | | **3718 Akkeri** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í:*<br><br>*122/2004*<br>II. kafli, 15. regla. og viðauki IV<br>(1)-(16) fyrir ný skip og 327/1977 fyrir gömul skipe ða aðrar viðeigandi reglur. | Árlega skal skoða eins og við verður komið akkeri, akkerisvindur og bremsur, keðjur, víra og keðjuklemmur. Á tveggja ára fresti skal láta akkerið falla, prófa vindur og bremsur, sjá atriði 3727.<br><br>**Akkeri:**<br>Skip skulu að minnsta kosti vera búin tveimur bógakkerum. Samt sem áður mega skip, sem eru styttri en 17 m, vera búin aðeins einu akkeri að því tilskildu að þungi akkerisins sé a.m.k. tvöfaldur þungi akkeris eins og það er tilgreint í töflunni í viðaukanum. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Akkeri skulu vera í samræmi við gildandi reglur (þyngdir, fjöldi).<br><br>Á að vera hægt að láta akkeri falla skjótt og örugglega. | M<br><br>S<br><br>S/V | Ekki samkvæmt reglum.<br><br>Vantar allan búnað.<br><br>Ekki í lagi. | | 2<br><br>3<br><br>3 |

| **3719 Keðjuklemmur** | | | | **3719 Keðjuklemmur** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| 463/1998, gr. 3, með tilvísun í<br><br>- 122/2004<br>II. kafli, 15. regla og viðauki IV, (13) fyrir ný skip og 327/1977 fyrir gömul skip eða aðrar viðeigandi reglur , s.s.<br><br>- 260/1947, 43. gr. | | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Á milli akkerisvindu og klussrörs skal vera keðjuklemma eða ámóta búnaður fyrir hvora akkeriskeðju. Þessi búnaður skal geta haldið skipinu föstu þegar það liggur við akkeri.<br><br>Keðjuklemma skal vera liðug. | V/S<br><br>S<br><br>V/S | Ekki samkvæmt reglum.<br><br>Keðjuklemmur vantar.<br><br>Ekki í lagi. | | 3<br><br>3<br><br>2 |

| **3723 Þilfarskranar** | | | | **3723 Þilfarskranar** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í*<br><br>*- 122/2004*<br>VI. kafli, 7. regla ( 24) - (30) | **Skoðun á þilfarskrana:**<br>**-** Árlega skal skoða og prófa eins og við verður komið krana, undirstöður, merkingar og vír í samræmi við búnaðar-skoðunarskýrslu.<br><br>- Gera skal sérstaka kranaskoðun einu sinni á 4 ára fresti í samræmi við kranaskoðunar - handbók. Þessa skoðun skal færa sérstaklega í skipaskrá með mest 4 ára gildistíma. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19.02.2004 | Þilfarskrani og undirstöður hans skulu vera heilar og lausar við sprungur og tæringu.<br><br><br>Á þilfarskrana eða bómu skal vera merkt hámarks lyftigeta (SWL) við mismunandi stöður. | S<br><br>S/V<br><br><br>S | Ástandi ábótavant.<br><br>Mikið slit, sprungur, tæring eða aðrar skemmdir.<br><br>Merkingar ófullnægjandi. | | 2<br><br>3<br><br><br>2 |

| **3724 Stjórntök krana** | | | | **3724 Stjórntök krana** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í*<br><br>*- 122/2004*<br>VI kafli<br>7. regla (10) | Gömul skip skulu uppfylla þessi ákvæði eins og við verður komið. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19.02.2004 | Staðsetja skal stjórntæki þannig að nægt rými sé fyrir stjórnandann og að ekkert hindri hreyfingar stjórntækjanna, ennfremur að útsýni yfir vinnusvæðið sé eins óskert og kostur er. | S/V | Staðsetning ekki í lagi. | | 2 |
| | | | Stjórntæki skulu virka rétt án þvingunar og ávalt fara sjálfvirkt í stövunarstöðu þegar þeim er sleppt og ef nauðsyn krefur vera búin hentugri læsingu. | S/V | Stjórntæki fara ekki aftur í stöðvunarstöðu eða virka ekki rétt. | | 3 |
| | | | Öryggisgrind skal vera yfir stjórntækjum. | S | Öryggisgrind vantar. | | 2 |
| | | | Stjórnhandföng skulu merkt vel - læsilegum merkingum sem sýna virkni þeirra á greinilegan hátt. | S | Merkingar vantar / rangar. | | 2 |
| | | | | S | Merkingar máðar eða óskýrar. | | 1 |

| **3725 Kranavír** | | | | **3725 Kranavír** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í*<br><br>- *122/2004*<br>VI kafli<br>7. regla (7),(27) | Vírar skulu hafa styrk í samræmi við afl krana.<br><br>**Óheimilt er að nota tóg í krana.** | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19.02.2004 | Æskilegt er að kranavírar séu svokallaðir "dauðslegnir" vírar og hafi minnst 114 þræði. Vírar skulu vera heilir og óskemmdir.<br><br>Eingöngu er heimilt að nota vír af fullnægjandi styrkleika í krana og bómur. | S<br><br>S<br><br>S | | | |

| **3727 Akkerisvinda** | | | | **3727 Akkerisvinda** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í*<br><br>*- 122/2004*<br>II. kafli, 15. regla og viðauki IV, (11) - (14) fyrir ný stál skip og 327/1977 fyrir gömul stál skip eða aðrar viðeigandi reglur, s.s..<br><br>- 260/1947, 44. gr. | Fiskiskip með akkeri sem eru yfir 150 kg að þyngd skulu búin akkerisvindu. Akkerisvindan skal búin keðjuhjóli og / eða tromlu fyrir hvort akkeri fyrir sig og búnaði (bremsu) til að losa hvort keðjuhjól eða tromlu. Vindan skal geta híft keðju og akkerið upp aftur eftir notkun.<br><br>Akkerisvinda sé á öllum tréskipum þar sem keðjan er 15 mm eða þykkari.<br><br>Í skipum þar sem heimilað hefur verið nota togvindu eða annan búnað skal vera sambærilegur búnaður til að tryggja akkeri og keðjur. | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Á tveggja ára fresti skal láta akkerið falla, prófa vindur og bremsur og skrá dagsetningu á skoðunarskýrslu og í skipaskrá. | S/V | Vantar vindu eða ekki í lagi. | | 3 |
| | | | | S/V | Bremsa stöðvar ekki keðjur. | | 3 |
| | | | | S/V | Akkerisvindan hífir ekki akkeri og keðju upp. | | 3 |
| | | | Eftir að keðjulás, keðjuklemma hafa verið losuð og slakað hefur verið á spilbremsu skal akkerið renna út. | S/V | Akkeri rennur ekki út. | | 3 |
| | | | Keðjuklemma, bremsur og kúppling á akkerisvindum skulu vera liðug og tilbúin til notkunar. | S | Þarfnast lagfæringar | | 2 |
| | | | Á milli akkerisvindu og keðjupípu skal vera strekkjari með keðjulás. | S | Strekkjara vantar. | | 2 |

| **3728 Akkeriskeðja / vír** | | | | **3728 Akkeriskeðja / vír** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun í*<br><br>*- 122/2004*<br>II. kafli,<br>1. regla og 15. regla fyrir ný skip og 327/1977 fyrir gömul skip eða aðrar viðeigandi reglur.<br><br>Verklagsregla nr. 25.04.02.07.02 Þykktarmæling á skipum sem smíðuð eru úr málmi:<br><br>Viðauki IV,<br>(1) - (10) | Keðjur og vír skal þykktarmæla og skoða á að minnsta kosti 4 ára fresti sbr. verklagsregla þegar þykktarmæling er framkvæmd á skipinu, þar með talið festingu keðju í keðjukassa. Færa skal niðurstöður mælingar á sérstakt eyðublað, sem er hluti af þykktarmælingarskýrslu.Mæla skal lengd keðju og vírs og bera saman við kröfur, sé talin ástæða til.<br>Þegar vír er skoðaður skal skoða vel vírauga sem tengir vír við keðju | Gildistaka 01/08/1998<br><br>Gildistaka 19/02/2004 | Hlekkir keðju skulu vera heilir og óskemmdir. Keðja má ekki rýrna meira en 11 % af sverleika samkvæmt búnaðartölu skipsins. | S | Keðja ekki í lagi. | | 3 |
| | | | Í skipum þar sem heimilað hefur verið að hafa vír í hluta akkerisfestar, skal vírinn vera heill og óskemmdur. | S | Vír ekki í lagi. | | 3 |
| | | | Í skipum þar sem akkerisfesti er vír, skal vírinn vera 1.5 sinnum lengd keðju samkvæmt töflu. Auk þess skal komið fyrir 12.5 m langri keðju milli akkeris og vírs og á milli vírs og vindu. Keðja og vír skal vera samkvæmt töflu (búnaðartölu). | S | Alla keðju vantar | | 3 |
| | | | | S | Lengd keðju og vírs ekki samkvæmt reglum | | 2 |
| | | | Þar sem akkerisvír er geymdur á tromlu skal hann vera smurður og varinn. | S | Frágangi vírs ábótavant. | | 2 |

| 3730 Hurðir / lúgur milli rýma | | | | 3730 Hurðir / lúgur milli rýma | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
| *463/1998, gr. 3, með tilvísun* | **Í gömlum skipum af þessari stærð teljast málmhurðir í karmi með þéttingu í falsi og sem lokað er með spennisnerlum vatnsþéttar.** | Gildistaka 01.08.1998 | | | | | |
| - *122/2004* II. kafli 1.regla (3) | | Gildistaka 19/02/2004 | Skip smíðuð úr öðru efni en tré skulu vera með stafnþil og vatnsþétt þil að minnsta kosti umhverfis aðalvélarúmið. Í tréskipum skulu einnig vera sams- konar þil, og þau skulu vera vatnsþétt, eins og við verður komið. | | | | |
| - *122/2004* II. kafli 2.regla (1) | | | Hurðir og op í vatsþéttum þilum skulu búinn vatnsþéttum lokunum. | S | Hurðir í vatnsþéttum ekki búnar vatsþéttum lokunum. | | 2 |
| - 666/2001 með síðari breytingum, kafli II-2, B - hluti, gr. 16., 16.3.1 | **Skip sem taka fleiri en 36 farþega.** | Gildistaka 01/10/2001 | Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega og skipt er upp í brunahólf skulu eldvarnarhurðir á lömum í stigagöngum og á lóðrétt afmörkuðum svæðum vera sjálflokandi og hægt að loka þeim frá aðalstjórnstöð og við dyrnar. | S | Dyr í þilum sem afmarka brunahólf eða stigagöngum ekki sjálflokandi eða fjarstýrðar. | | 2 |
| - 666/2001 með síðari breytingum, kafli II-2, B - hluti, gr. 16.3.2 | | Gildistaka 01/10/2001 | Í aðalstjórnstöðinn skal vera stjórnborð sem gefur til kynna hvort eldvarnarhurðir eru opnar eða lokaðar. | S | Aðalstjórnstöð gefur ekki til kynna hvort hurðir eru opnar eða lokaðar . | | 2 |

| **3803 Merkingar og neyðarfyrirmæli** | | | | **3803 Merkingar og neyðarfyrirmæli** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reglugerð** | **Túlkun Verklýsing** | **Upplýsingar** | **Skilgreiningar á dæmingum** | **Aðferð** | **Forsenda dóma** | **Sérm.** | **Dæming** |
